

## REGLUGERÐ

### um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Faxaflóahafnir sf., nr. 798/2009.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Stjórn hafnanna.*

Eigandi hafnanna er Faxaflóahafnir sf. sem er sameignarfélag í eigu Reykjavíkurborgar, Borgarbyggðar, Akraneskaupstaðar, Skorradalshrepps og Hvalfjarðarsveitar. Fyrirtækið fellur undir skilgreiningu VI. kafla hafnalaga nr. 61/2003.

Æðsta vald í málefnum Faxaflóahafna sf. er í höndum aðalfundar og lögmætra eigendafunda samkvæmt samþykktum félagsins. Stjórn sameignarfélagsins, sem nefnist hafnarstjórn, fer með málefni félagsins á milli aðalfunda. Hafnarstjórn skipa sjö fulltrúar og jafnmargir til vara. Skipting sæta í stjórn félagsins fer eftir ákvæðum gildandi sameignarfélagssamnings Faxaflóahafna sf.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 10. nóvember 2022.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfudagur: 18. nóvember 2022